

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember 2012 í máli nr. S-548/2012:

### Ákærvaldið

*(Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)*

**gegn**

**Gunnari Þorvaldi Andersen og**

*(Guðjón Ólafur Jónsson hrl.)*

**Þórarni Má Þorbjörnssyni**

*(Hilmar Magnússon hrl.)*

Með ákæru ríkissaksóknara 19. júlí 2012 er ákærðu gefið að sök brot gegn þagnarskyldu framin í Reykjavík 23. febrúar 2012. Eru brotin talin varða við 1. mgr. 13. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 138. gr. og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er ákærða, Gunnar Þorvald Andersen, varðar, en við 1. mgr. 58. gr., sbr. 22. tl. 1. mgr. 112. gr. b laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að því er ákærða, Þórarinn Má Þorbjörnsson, varðar.

Í þinghaldi 10. október sl. lagði verjandi ákærða, Gunnars Þorvaldar Andersen, fram bókun á dskj. nr. 9 þar sem skorað var á sækjanda að afla tiltekinnna gagna undir tölulíðum 1-9 og vörðuðu nánar tilgreindar upplýsingar um gögn og viðskipti Landsbanka Íslands hf. við Bogamanninn ehf. frá í júní 2003. Í þinghaldi 17. október sl. lýsti sækjandi yfir að ekki yrði orðið við áskorun verjandans. Gerði verjandinn þá kröfu, með vísan til 2. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008, að dómari myndi leggja fyrir sækjanda að afla hinna umbeðnu gagna. Var því mótmælt af hálfu sækjanda og var málið flutt um þann ágreining 1. nóvember sl. Var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi.

Ákærði, Gunnar Þorvaldur Andersen, sem í þessum þætti er varnaraðili, krefst þess að dómari leggi fyrir sækjanda að afla upplýsinga um gögn og viðskipti Landsbanka Íslands hf. við Bogamanninn ehf. frá í júní 2003 er fram koma í bókun á dskj. nr. 9, tl. 1-9.

Ríkissaksóknari, sem í þessum þætti er sóknaraðili málsins, krefst þess að kröfu varnaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að ákærða sé þörf á umræddum gögnum til að hann geti hagað vörnum sínum í málinu með fullnægjandi hætti. Um sé að ræða gögn er máli geti skipt um sakfellingu ákærða, auk þess sem gögnin geti sýnt fram á hvatir ákærða, sem áhrif geti haft á bæði sakaráfelli og refsíákvörðun. Stjórnarskrá, mannréttindasáttmáli Evrópu og lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008, gangi út frá grunnforsendu um jafnræði á milli ákærvalds og ákærða í sakamáli. Um það megi vísa til 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár, 1. og 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hér hafi lagagildi. Máli skipti fyrir ákærðan einstakling að geta aflað sönnunargagna í þágu máls. Meginreglan um jafnræði stuðli að því. Þá hafi svonefnd sannleiksregla í 53. gr. laga nr. 88/2008 þau áhrif að upplýsa þurfi um öll atvik málsins. Þannig þurfi að leysa úr máli á grundvelli allra þeirra upplýsinga er máli skipta. Á þann veg eigi lögregla og ákærvald að sinna ábendingum sakborninga um frekari rannsókn og frekari gögn í máli. Þá leiði svonefnd hlutlægnisregla í 3. mgr. 18. gr., sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 til hins sama, en horfa þurfi jafnt til gagna sem leiði í ljós sekt og sýknu í sakamáli. Á þessum grunni sé unnt að mæla fyrir um, samkvæmt 2. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008, að dómari geti lagt fyrir sækjanda að afla gagna. Dómafordæmi leiði í ljós að ákærvaldi beri að leggja fram gögn í sakamálum um atriði er varði atvik máls. Sé það í raun ákærvald sem þurfi að leiða í ljós að gögnin séu þarflaus í máli til að því sé hafnað. Það hafi ákærvald ekki gert í þessu máli. Á meðal rannsóknargagna málsins liggi fyrir úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. R-99/2012 þar sem fallist hafi verið á kröfu lögreglu um að Landsbanka Íslands hf. hafi verið skylt að afhenda öll gögn er bankinn hefði undir höndum varðandi viðskipti bankans og Bogamannsins ehf. frá í júní 2003. Lögregla og ákærvald hafi því getað haft öll þessi gögn undir höndum. Heimildin hafi hins vegar verið illa nýtt.

Sóknaraðili hefur mótmælt málaltilbúnaði varnaraðila. Kveður hann augljóst að þau gögn sem varnaraðili geri kröfu um að lögð verði fram hafa enga þýðingu við efnisúrlausn þess máls sem hér sé til meðferðar. Ákærða sé gefið að sök að hafa afhent tiltekna upplýsingar sem háðar hafi verið þagnarskyldu. Umbeðnar upplýsingar séu í sjálfu sér aukaatriði fyrir brotið sem slíkt og hafa enga þýðingu varðandi það brot sem ákærðu sé gefið að sök. Eins og ákæra sé úr garði gerð skipti huglægar hvatir ákærðu ekki máli við úrlausn málsins. Til þess að gagna verði aflað í skjóli þessarar heimildar þurfi þau að hafa eitthvert gildi fyrir vörn málsins. Því sé ekki þannig háttað í máli þessu.

#### *Niðurstaða:*

Í máli því sem hér er til meðferðar er ákærðu gefið að sök brot gegn þagnarskyldu með því að hafa aflað tiltekinna gagna úr bókhaldi Landsbanka Íslands hf. um viðskipti Bogamannsins ehf. sem sýndu að Landsbanki Íslands hf. greiddi 32.700.000 krónur inn á bankareikning Bogamannsins ehf. 13. júní 2003, og komið þeim upplýsingum áfram til fréttastjóra DV sem nýtti upplýsingarnar við ritun fréttar. Í ákæru er háttseminni nánar lýst að því er varðar ákærðu hvorn um sig og við það miðað að umræddar upplýsingar hafi verið bundnar þagnarskyldu. Er háttsemin talin varða við tilgreind ákvæði laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í bókun á dskj. nr. 9 er í tölulíðum 1 til 9 farið fram á að

aflað verði gagna um viðskipti Bogamannsins ehf. og Landsbanka Íslands hf. sem séu samningar um kaup á tilgreindu umboði til sölu lífs- og sjúkdómatrygginga, verðmöt og gögn til grundvallar viðskiptunum, upplýsingar um hvernig greiðsla fyrir samninginn hafi verið færð í bókhaldi bankans og hvernig umboðið og/eða hlutafé Bogamannsins ehf. hafi verið fært í bókhaldi bankans. Að fengnum framangreindum upplýsingum er miðað við að lagt verði mat á hvort afla þurfi frekari gagna um tilfærslu greinds umboðs til sölu líf- og sjúkdómatrygginga frá Búnaðarbanka Íslands í maí eða júní 2003, verðmat og önnur gögn til grundvallar þeim viðskiptum, upplýsingar um hvenær Landsbanki Íslands hf. hafi hætt sölu tilgreindra líf- og sjúkdómatrygginga og hver afkoma bankans hafi verið á meðan á sölu trygginganna hafi staðið. Jafnframt upplýsingar um tilteknar færslur í bókhaldi bankans og afrit af ársreikningi Bogamannsins ehf.

Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 er rannsókn sakamáls í höndum lögreglu, nema örðuvísi sé fyrir mælt í lögum. Er markmið rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 53. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laganna leggja aðilar síðan fram þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem þeir vilja að tekið sé tillit til við úrlausn máls. Frumkvæðisskylda dómara við öflun sönnunargagna er að íslenskum rétti verulega takmörkuð og sú undantekning ein gerð í 2. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008 að dómara er unnt að beina því til ákæranda að afla gagna til að upplýsa mál eða skýra ef það verður talið nauðsynlegt. Styðst þetta við þau grunnrök að það er ákærvalds að sýna fram á sekt ákærða og verður skynsamlegur vafi í þeim efnunum metinn ákærða í hag, sem aftur getur leitt til sýknu í máli, sbr. 108. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008. Með samsvarandi hætti er ákærða að benda á veikleika í málatilbúnaði ákærvalds, m.a. að því er framlögð gögn varðar, sem kann að leiða til skynsamlegs vafa í máli. Í ljósi þeirra sjónarmiða er hér hafa verið rakinn um afskiptaleyfi dómara af sönnunarfærslu í sakamáli telur dómurinn að gögn þau sem verjandi ákærða, Gunnars Þorvaldar, gerir kröfu um að afla verði séu ekki slík að augljóst sé að nauðsynleg séu fyrir málsvörn ákærða á því stigi sem málið er nú og svo sem ákærufni málsins er úr garði gert. Verður kröfu verjandans því hafnað.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, Gunnars Þorvaldar Andersen, um að dómari leggi fyrir sækjanda að afla upplýsinga um gögn og viðskipti Landsbanka Íslands hf. við Bogamanninn ehf. frá í júní 2003 er fram koma í bókun á dskj. nr. 9, t. 1-9., er hafnað.

Símon Sigvaldason

